

Fundargerð 33. fundar flugvirkarráðs

Fjarfundur haldinn í flugvirkarráði, þriðjudaginn 11. maí 2021 kl. 13:00 – 14:30.

Viðstaddir: Jón Gunnar Jónsson (JGJ) frá Samgöngustofu, formaður, Alda Karen Svavarsdóttir (AKS) frá Útlendingastofnun, Júlía Þorvaldsdóttir (JP) og Þorvarður K. Ólafsson frá Þjóðskrá, Úlfar Lúðvíksson (ÚL) lögreglustjóri á Suðurnesjum, Anna Bjarnadóttir (ABB) frá Isavia, Þorvaldur Þórðarson (ÞÞ) frá MAST, Þórólfur Guðnason (ÞG) sóttvarnarlæknir, Jón Pétur Jónsson (JPJ) frá landamæradeild ríkislögreglustjóra, Kristín Helga Markúsdóttir (KHM) og Ómar Sveinsson fundarritari frá Samgöngustofu.

Fjarverandi: Friðfinnur Skaftason (FS) frá samgönguráðuneyti, varaformaður, Jón F. Bjartmarz (JFB) frá ríkislögreglustjóra og Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir (GSR) og Valur Kristinsson (VK) frá Tollgæslu og Sigurgeir Ó. Sigmundsson (SOS) frá lögreglunni á Suðurnesjum

Fyrir liggur Dagskrártillaga:

1. Dagskrá
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Staða flugs m.t.t. faraldurs og horfur framundan
4. Fréttir af vettvangi alþjóðastofnana
5. Flugvirkaráætlun 2021
6. Önnur mál
7. Næsti fundur

1. Dagskrá

Dagskrártillaga var samþykkt

2. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

3. Staða flugs m.t.t. faraldurs og horfur framundan

Farið yfir stöðu mála, samstarf í ráðinu og horfurnar framundan. Ýmislegt er að gerast og breytingar í farvatninu á landamærum. Margir hópar að vinna að þeim málum og áhersla lögð á að koma ferlinu þannig fyrir að það gangi vel fyrir sig. Fundarmenn eru sammála um gott samstarf allra aðila á landamærum, sem eiga hrós skilið fyrir frammistöðuna.

Helsta viðfangsefnið er fjölgun ferðamanna sem setja álag á kerfið og þá sérstaklega sýnatöku. Verið er að vinna í að einfalda til að tryggja að hægt sé að anna því sem þarf. Taka þarf tillit til mismunandi sjónarmiða um frjálsta för fólks og nauðsynlegra sóttvarna. Verið er að undirbúa að færa skimun á Keflavíkurflugvelli og ætti aðstaðan að vera tilbúin fyrir lok maí.

Isavia hefur endurskoðað farþegaspá fram í ágúst og gerir ráð fyrir aukningu frá fyrri spám en ekki eru til spár eftir þann tíma. Nokkur aukning á farþegum frá Bandaríkjunum, sem eru bólusettir. Flóknari staða með farþega innan Evrópu sem getur þurft að kyrrsetja og vísa frá. Stjórnvöld þurfa að vanda sig í upplýsingagjöf þannig að upplýsingar séu í samræmi við þær reglur sem eru í gildi á hverjum tíma.

4. Fréttir af vettvangi alþjóðastofnana

Spurt um hvort eitthvað sé að fréttu af Green Certificate? Allar forsendur til að taka á móti farþegum með vottorð og setja á stafrænt form. Frekari fréttir af því í júní.

Samgöngustofa er orðin aðili að CAPSCA, alþjóðlegu samstarfi um heilbrigðismál í flugi. Það á eftir að koma í ljós hvað felst í samstarfinu en hjá CAPSCA er reynsla og þekking sem hægt er að læra af.

5. Flugvirkjaráætlun 2021

Formaður fór í gegnum drög að áætluninni sem hafði verið send á félagaráðsins og tók fyrir þær breytingatillögur sem höfðu borist. Áhersla var lögð á að hafa síverkefni í verkefnaáætluninni ásamt öðru tilfallandi.

6. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið

7. Næsti fundur

Ákveðið var að halda næsta fund seinnipart sumars eða fyrr ef þörf er á.